



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Nýir samstarfssamningar á sviði menningarmála 2023 - 2025

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs þ. 27. janúar 2023 voru lagðir fram til samþykktar eftirfarandi hjálagðir samstarfssamningar til þriggja ára með vísan í tillögur faghóps um styrkúthlutanir á sviði menningarmála sem samþykktar voru á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundasviðs þann 28. nóvember 2022: Tónskáldafélag Íslands f.h. Myrkra músíkdaga 2023 - 2025 (3 mkr.), LÓKAL leiklistarhátíð 2023 - 2025 (3 mkr.), Sequences myndlistarhátíð 2023 - 2025 (3 mkr.), Heimsleikhúsið ehf. f.h. Reykjavík Ensemble 2023 - 2025 (2 mkr.), Myndhöggvarafélagið í Reykjavík 2023 - 2025 og Hlutmengi ehf. f.h. Mengis 2023 - 2025.

Samningarnir voru samþykktir og þeim vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson
sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Hjálagt:

- Samstarfssamningur við Tónskáldafélag Íslands f.h. Myrkra músíkdaga 2023 – 2025
- Samstarfssamningur við LÓKAL leiklistarhátíð 2023 – 2025
- Samstarfssamningur við Sequences myndlistarhátíð 2023 – 2025
- Samstarfssamningur við Heimsleikhúsið ehf. f.h. Reykjavík Ensemble 2023 – 2025
- Samstarfssamningur við Myndhöggvarafélagið 2023 – 2025
- Samstarfssamningur við Hlutmengi ehf. f.h. Mengis 2023 - 2025

Menningar- og íþróttasvið f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og Tónskáldafélag Íslands (TÍ), kt. 660269-0889, vegna Myrkra músíkdaga, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Myrka músíkdaga á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Myrka músíkdaga er að:

- hlúa að fjölbreytileika í íslensku tónlistarlífi
- vekja athygli á og kynna íslenska samtímatónlist hér á landi og erlendis
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Tónskáldafélagi Íslands fjárhæðina kr. 3.000.000 árlega á tímabilinu 2023-2025.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 2.000.000 1.-3. jan

kr. 1.000.000 1.-3. feb

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Tónskáldafélags Íslands nr. 0513-26-007644.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Myrkra músíkdaga

Myrkir músíkdagar eru tónlistarhátíð sem stofnuð var af Tónskáldafélagi Íslands árið 1980 og hefur verið haldin reglulega síðan þá. Hún er elsta starfandi tónlistarhátíðin á Íslandi. Stefnu Myrkra músíkdaga má taka saman í þrjú meginþætti sem eru frumflutningur á íslenskri samtímatónlist, Íslandsfrumflutningur á erlendri samtímatónlist og endurflutningur á íslenskri og erlendri samtímatónlist.

Markmið Myrkra músíkdaga er

- að vera framsækin
- að fylgja straumum samtímans
- að ólíkar stefnur tónlistar finni heimili og samruna á hátíðinni ásamt ólíkum listformum menningar, tónlist, dans, myndlist og innsetningum.

Tónskáldafélag Íslands tekur að sér að halda Myrka músíkdaga árlega 2023, 2024 og 2025.

Hátíðin fer fram á hverju ári í miðju skammdeginu í lok janúar. Allt frá árinu 1980 hafa Myrkir músíkdagar verið einn helsti vettvangur framsækinnar nútímatónlistar á Íslandi og skapað mikilvæga umgjörð um frumsköpun og tilraunastarfsemi. Frumflutningur íslenskra tónverka gegnir iðulega veigamiklu hlutverki í dagskránni auk þess sem barnamenningu er gert hátt undir höfði. Á hátíðinni er lögð áhersla á áhugaverða og skemmtilega tónleika auk þess sem boðið er upp á ýmsa

tónlistartengda viðburði, sýningar, fyrirlestra, málstofur og fleira. Myrkir músíkdagar hafa fyrir löngu áunnið sér sérstakan virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

3. gr. Ábyrgð

Tónskáldafélag Íslands ber ábyrgð á að starfsemi Myrkra músíkdaga fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Tí ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Tí er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Tónskáldsfélag Íslands ber ábyrgð á markaðssetningu Myrkra músíkdaga og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni Myrkra músíkdaga, hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Myrkir músíkdagar séu styrktir af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni Myrkra músíkdaga með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Hafa má samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Tónskáldafélag Íslands. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2023-2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Tí leggur á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs og skýrslu nýliðinnar hátíðar ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Menningarborgin boðar til fundanna.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Tónskáldafélag Íslands hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar á menningar- og íþróttasviði tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Tí hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áraanna 2024 og 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

f.h. Reykjavíkurborgar,

María Rut Reynisdóttir

f.h. Tónskáldafélags Íslands,

Gunnhildur Einarsdóttir

Menningar- og íþróttasvið f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og Lókal leiklistarhátíð ehf., kt. 640506-2100, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við LÓKAL leiklistarhátíð á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við LÓKAL er að:

- hlúa að fjölbreytileika í íslensku leiklistarlífi
- kynna samtímaleiklist fyrir innlendum áhorfendum og efla tengsl íslensks sviðslistafólks við umheiminn
- tryggja samfellu og framþróun í árvissri hátíð sem laði að sér gesti til borgarinnar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Lókal leiklistarhátíð ehf. fjárhæðina kr. 3.000.000 árlega á tímabilinu 2023-2025.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 2.000.000 1.-3. mars

kr. 1.000.000 1.-3. júní

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Lókal leiklistarhátíðar nr. 0515-26-64000.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Lókal leiklistarhátíðar

LÓKAL er alþjóðleg leiklistarhátíð og árlegur viðburður sem kynnir samtímaleiklist fyrir innlendum áhorfendum og eflir tengsl listamanna við umheiminn. LÓKAL er eina alþjóðlega hátíðin í Reykjavík sem helguð er leiklist. Hátíðin hefur verið haldin á hverju ári frá árinu 2008, að undanskildu árinu 2020 sökum heimsfaraldurs, og fer hún fram í september.

Hátíðin hefur síðastliðin 14 ár kynnt vel á annað hundrað fjölbreyttra sviðslistaverka, innlendra sem erlendra, fyrir leiklistaráhugafólki í Reykjavík. LÓKAL leggur áherslu á víðtækt samstarf við aðila í menningar- og listalífi borgarinnar; einstaklinga jafnt sem stofnanir og er nú þegar í samstarfi við Bókmenntaborgina Reykjavík, Miðstöð íslenskra bókmennta, Tjarnarbíó, Útvarpsleikhúsið, Listahátíð í Reykjavík og Listaháskólann fyrir næstu ár. Sérstaklega er gætt að því að hátíðin sé opinn vettvangur fyrir nýjustu strauma og stefnur í leiklist.

Markmið LÓKAL er að:

- kynna fyrir borgarbúum nýjustu strauma og stefnur í alþjóðlegri leiklist
- veita erlendum áhorfendum og fagfólki tækifæri til að kynnast íslenskum sviðslistum
- beina athyglinni að og draga fram hið ókunnna í leiklistinni, hið lítt þekkt en vel gerða, og leita að vegvísunum til framtíðar

Hátíðin styrkir verkefni á vinnslustigi, gefur færi á frekari þróun þeirra, útvegar vinnuáætlun og skapar vettvang fyrir sýningar og kynningar. LÓKAL er vettvangur fyrir opnun, hugrakkt og djúpt samtal, listrænt frelsi og ræktun jaðarins í allri sinni dýrð. LÓKAL leggur áherslu á að hátíðin þróist í samræmi við tækifæri og áskoranir á hverjum tíma. Við getum nú einnig á ný laðað erlenda listamenn til landsins, bæði til sýningahalds og vinnustofudvalar, en það er sérlega mikilvægt að geta viðhaldið eðlilegu sambandi við útlönd. Einnig ber að geta átaks sem LÓKAL vill hafa forgöngu um og miðar að því að ná til minnihlutahópa og borgarbúa sem eru af erlendu bergi brotnir og hafa ekki haft rödd í leiklistinni hérlandis fram til þessa.

3. gr. Ábyrgð

Lókal leiklistarhátíð ehf. ber ábyrgð á að starfsemi LÓKAL fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Lókal leiklistarhátíð ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Lókal leiklistarhátíð er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Lókal leiklistarhátíð ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar og leggur sig fram um að skapa sem besta og jákvæðasta umfjöllun og kynningu á hátíðinni í innlendum sem erlendum fjölmiðlum.

Á öllu kynningarefni LÓKAL, hérlandis jafnt sem erlendis, skal koma fram að hátíðin sé styrkt af Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborgar skal þannig getið sem bakhjarls í öllu kynningar- og markaðsefni LÓKAL með því að hafa auðkennismerki Reykjavíkurborgar sýnilegt.

Hafa má samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Lókal leiklistarhátíð ehf. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2023-2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Lókal leiklistarhátíð leggur á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs og skýrslu nýliðinnar hátíðar ásamt áformum um hvernig næsta hátíð muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Lókal leiklistarhátíð ehf. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar á menningar- og íþróttasviði tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Lókal leiklistarhátíð ehf. hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum

kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2024 og 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

f.h. Reykjavíkurborgar,

María Rut Reynisdóttir

f.h. Lókal leiklistarhátíðar,

Bjarni Jónsson

**Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og Sequences myndlistarhátíð,
kt. 550307-0140, gera með sér svofelldan**

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Sequences myndlistarhátíð
á tímabilinu 1. janúar 2023 – 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styrkja þróun og stöðu myndlistar í Reykjavík og veita almenningi tækifæri til að fá innsýn inn í það sem á sér stað í samtímamyndlist hverju sinni. Sequences er eina myndlistarhátíð höfuðborgarinnar og hefur fest sig í sessi sem metnaðarfullur myndlistartvíæringur sem nýtur trúverðugleika héraendis og erlendis. Hátíðin setur svip á borgarlífið þá daga sem hún stendur yfir og er liður í að efla ímynd Reykjavíkurborgar sem framsækinnar og fjölbreyttrar menningarborgar sem eftirsóknarvert er að búa í og áhugavert að heimsækja.

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Sequences til í beinum fjárframlögum kr. 3.000.000.- á ári 2023, 2024 og 2025. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.500.000 þann 1.-3. mars

kr. 1.500.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0101-15-630257.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunarár þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Framlag, markmið og forsaga Sequences

Sequences tekur að sér að halda tvíæringinn Sequences árin 2023 og 2025 en árinu 2024 verður varið í frágang hátíðarinnar 2023 og undirbúning hátíðarinnar 2025. Framkvæmd hátíðarinnar tekur mið af eftirfarandi markmiðum Sequences:

- Að standa fyrir öflugum 10 daga myndlistarviðburði annað hvert ár
- Að vera framsækinn sýningarvettvangur sem veitir almenningi góðan aðgang að samtímamyndlist
- Að Sequences sé alltaf lifandi vettvangur fyrir listasenuna í Reykjavík
- Að hlúa að og efla tengslanet hátíðarinnar, innanlands og erlendis
- Að laða til Reykjavíkur stærri hóp áhrifafólks úr hinum alþjóðlega listheimi
- Að byggja upp samband við stuðningsaðila til að auðvelda fjármögnun
- Að halda áfram að stuðla að gerð nýrra verka og vera vettvangur fyrir myndlistarmenn til að vinna skilyrðislaust að verkum sínum og sýna þau

Sequences er myndlistarhátíð sem spratt úr grasrótinni í Reykjavík og hefur verið haldin annað hvort ár frá 2006. Frá upphafi hefur verið lagt upp með að Sequences sé í höndum myndlistarmanna og listamannarekinna stofnana og að þar ríki andi frumkvæðis, tilrauna og áræðni. Allir helstu

sýningarstaðir og menningarstofnanir í Reykjavík hafa starfað með hátíðinni á einn eða annan hátt. Sequences er eina myndlistarhátíðin í Reykjavík og hefur getið sér gott orð sem einbeitt hátíð sem veitir almenningi mikilvægan aðgang að samtímalist. Búið er að byggja traustan og faglegan grunn sem Sequences stendur nú á og hátíðin hefur fest sig í sessi sem metnaðarfullur myndlistartvíæringur.

Sequences er eins konar flæðandi strúktúr sem fylgir takti senunnar hverju sinni, þenst út, hreyfist og dregst saman eftir þörfum. Í forgrunni er sýningarstýrð myndlistarhátíð, þar sem opnaðar eru sýningar á mörgum stöðum samhliða og haldið er úti dagskrá eftir því sem við á hverju sinni. Í upphafi var miðað við að Sequences stæði yfir í 10 daga og raunin er að opnanir, viðburðir og margvísleg dagskrá rúmast á þessum 10 dögum, en lykilsýningar eru opnar í allt að 6 vikur.

Árið 2013 var gerð áherslubreyting og ákveðið að lagt yrði upp úr að flytja þekkingu og tengsl á milli hátíða, en hún hafði áður verið byggð algerlega frá grunni hverju sinni. Þessi þróun hefur verið mikil gæfa og myndað samfellu á milli hátíða þó hver hátíð hafi sín sérkenni.

3. gr. Ábyrgð

Sequences ber ábyrgð á starfsemi hátíðarinnar, fagmennsku hennar og gæðum. Sequences ber ábyrgð á skuldbindingum sem hátíðin eða aðilar á hennar vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Sequences er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Sequences ber ábyrgð á markaðssetningu hátíðarinnar. Á öllu kynningarefni Sequences jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Sequences sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Sequences er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

Skrifstofa menningarmála á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Sequences. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2023, 2024 og 2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Sequences leggur þá fram endurskoðuð uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Menningarborgin boðar til fundanna.

5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Sequences hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar á menningar- og íþróttasviði tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Sequences hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar

samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

6. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþróttá og tómstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

7. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

8. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2024 og 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

f.h. Reykjavíkurborgar,

María Rut Reynisdóttir

f.h. Sequences,

Þórhildur Tinna Sigurðardóttir

Menningar- og íþróttasvið f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og Heimsleikhúsið ehf., kt. 430304-2590, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Reykjavík Ensemble á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Reykjavík Ensemble er að:

- styðja við nýsköpunar-og frumkvöðlastarf með íslensku og fjölþjóðlegu sviðslistafólki, óháð uppruna, fötlun, menningu, kynferði, og móðurmáli
- auka fjölbreytni, inngildingu og aðgengi í íslenskrum sviðslistasenu
- tryggja sjálfbærni og starfsgrundvöll fjölmenningsleikhúss í borginni

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Heimsleikhúsin ehf. fjárhæðina kr. 2.000.000 árlega á tímabilinu 2023-2025.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. mars

kr. 1.000.000 1.-3. júní

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Heimsleikhússins nr. 0101-26-001624.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Reykjavík Ensemble

Reykjavík Ensemble, leikhús fjölmenningsarinnar á Íslandi, var stofnsett árið 2019 sem viðbragð við þeirri staðreynd að fjölþjóðlegir listamenn voru ósýnilegir og jaðarsettir í íslenskrum sviðslistasenu. Leikhópurinn er nýtt og leiðandi sviðslistaafli sem ryður brautina til framtíðar með breyttum áherslum og hugmyndum sem þjóna og styðja við þessa menningarlegu umbreytingu úr einsleitni yfir í fjölbreytni. Reykjavík Ensemble vinnur nýsköpunar-og frumkvöðlastarf með íslensku og fjölþjóðlegu sviðslistafólki, óháð uppruna, fötlun, menningu, kynferði, og móðurmáli þess. Sýningar og verkefni leikhópsins byggja á rannsóknum á menningarlegri fjölbreytni og hafa skapað ótal störf og þátttökutækifæri fyrir sviðslistamenn og fjölmenningsarsamfélagið á Íslandi. Starfsemi er skipulögð og starfrækt á ársgrundvelli. Leikhópurinn starfar að aðgengi og inngildingu með fjölbreyttum verkefnum og starfsemi, svo sem sýningum, borgarlistmenntun (Leikhópur ungra fólksins / Íslenskunám fyrir innflytjendur með aðferðum leiklistar / Frá síðu á svið – námskeið í skapandi skrifum og leiksköpun), rannsóknarverkefnum á sviði menntunar og inngildingar (tvö Erasmus+ verkefni; Borgarlistmenntun fyrir jaðarsett fullorðið fólk og Young Thespians) og að lokum alþjóðlegu samstarfi eins og norræna samstarfsverkefninu Babette's Feast, pólsk-íslensku samstarfi um símenntun eldri borgara í skapandi skrifum og leiksköpun, New Nordic Network og Artival listahátíð.

Markmið Reykjavík Ensemble er að:

- sameina fólk frá mismunandi menningu og uppruna og skapa aðstæður og rými þar sem það getur numið og starfað í samræmi við menntun, reynslu og listræna verðleika
- tryggja starfsgrundvöll og sjálfbærni heimsleikhúss fjölmeningarinnar svo það geti starfað á ársgrundvelli og staðið fjárhagslega undir þeirri atvinnuuppbyggingu og starfsemi sem leikhópurinn beitir sér fyrir í þágu aðgengis og inngildingar fyrir jaðarsett og fjölbjóðlegt sviðslistafólk
- þróa, fjármagna og framleiða sviðslistasýningar fyrir fjölbjóðlegan atvinnuleikhóp Reykjavík Ensemble
- starfa að aðgengi og inngildingu með skapandi sviðslistasýningum sem eiga erindi við fjölbreyttan og fjölbjóðlegan áhorfendahóp

3. gr. Ábyrgð

Heimsleikhúsið ehf. ber ábyrgð á að starfsemi Reykjavík Ensemble fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Heimsleikhúsið ber ábyrgð á skuldbindingum sem Reykjavík Ensemble eða tengdir aðilar stofna til í tengslum við þennan samning. Heimsleikhúsinu er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Heimsleikhúsið ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu Reykjavík Ensemble. Á öllu kynningarefni Reykjavík Ensemble, jafnt innanlands sem utan, skal koma fram á áberandi hátt að Reykjavík Ensemble sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Reykjavík Ensemble er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Heimsleikhúsið ehf. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2023-2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Heimsleikhúsið ehf. leggur á þeim fundi fram endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi á yfirstandandi ári og þess næsta muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Heimsleikhúsið ehf. hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar á menningar- og íþróttasviði tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Heimsleikhúsið ehf. hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tólmstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samnings sambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur frammar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áraanna 2024 og 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

f.h. Reykjavíkurborgar,
María Rut Reynisdóttir

f.h. Heimsleikhússins ehf.,
Pálína Jónsdóttir

Menningar- og íþróttasvið, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, og Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, kt.600479-0329, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með stuðningi Reykjavíkurborgar við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur er að:

- viðhalda þeirri starfsemi sem er nú þegar til staðar
- efla vinnuaðstöðu og tækjakost félagsmanna
- bæta möguleika á að hægt sé að vinna að fjölbreyttum myndlistarverkefnum í Reykjavík.

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur fjárhæðina kr. 2.000.000 árlega á tímabilinu 2023-2025.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

kr. 1.000.000 1.-3. mars

kr. 1.000.000 1.-3. júní

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Myndhöggvarafélags Reykjavíkur nr. 334-26-006802.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Forsaga, markmið og framlag Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Markmið Myndhöggvarafélags Reykjavíkur er að búa yfir vinnuaðstöðu, verkfærum og þekkingu fyrir starfandi myndlistarmenn í Reykjavík sem sérhæfa sig í höggmyndalist. Til þess að það sé hægt þarf að viðhalda verkstæðunum, og endurnýja tæki og búnað svo að myndlistarmenn geti við góðar aðstæður skapað og unnið verk sín fyrir stórar og litlar sýningar, tekið þátt í hverskyns listaupþakomum og boðið uppá vinnustofu heimsóknir.

Félagið er rótgróið en það hélt uppá 50 ára afmæli sitt árið 2022. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík er eini staðurinn á landinu sem getur boðið myndlistarmönnum uppá sameiginlega vinnuaðstöðu með aðgengi að hinum margvíslegu vélum og verkstæðum sem félagið heldur úti. Félagið gegnir lykilhlutverki í því að stuðla að blómlegri starfsemi listasafna og gallería í Reykjavík. Einnig hafa fjölmörg verk fyrir opinber rými og stofnanir verið unnin á verkstæðum Myndhöggvarafélagsins auk verka sem sýnd hafa verið á landsbyggðinni. Aðstaðan og sú mikla verkþekking sem finnst innan vébanda félagsins veitir listamönnum tækifæri til að vinna þar að verkefnum sínum og taka þátt í smáum sem stórum listahátíðum og hverskyns sýningarupþakomum sem síðast en ekki síst stuðlar að því að rækta huga ungra sem aldna listunnenda í borginni.

3. gr. Ábyrgð

Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á að starfsemi félagsins fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Myndhöggvarafélag Reykjavíkur ber ábyrgð á skuldbindingum sem félagið eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Myndhöggvarafélagi Reykjavíkur er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Myndhöggvarafélags Reykjavíkur héraendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Myndhöggvarafélag Reykjavíkur sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Myndhöggvarafélag Reykjavíkur birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Myndhöggvarafélag Reykjavíkur. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2023 - 2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins leggur á þeim fundi fram og endurskoðað uppgjör eða áritaðan ársreikning vegna fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og tillögur að áherslum fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála skal boða til fundanna.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Myndhöggvarafélag Reykjavíkur hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengilið Reykjavíkurborgar, skrifstofu menningar- og íþróttasviðs, tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Myndhöggvarafélag Reykjavíkur hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2024 - 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

F.h. Reykjavíkurborgar

María Rut Reynisdóttir

F.h. Myndhöggvarafélags Reykjavíkur

Logi Bjarnason

**Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, og Hlutmengi ehf,
kt. 610317-3080, gera með sér svofelldan**

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Mengi á tímabilinu 1. janúar 2023 – 31. desember 2025.

1. gr. Markmið og framlag Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið Reykjavíkurborgar með samningi þessum er að styðja við listalíf í Reykjavíkurborg í gegnum stuðning við rekstur á menningarhúsinu Mengi við Óðinsgötu 2 og starfsemi á þess vegum.

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Mengi til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000.- á ári 2023, 2024 og 2025. Greiðsla framlags skiptist þannig ár hvert:

kr. 1.000.000 þann 1.-3. mars

kr. 1.000.000 þann 1.-3. júní

Framlagið greiðist inn á bankareikning 0515-26-610317.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2024 og 2025 eru með fyrirvara um samþykki borgarráðs og heimildir í fjárhagsáætlun 2024 og 2025. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu.

2. gr. Framlag, markmið og forsaga Mengis

Hlutmengi ehf. skipuleggur og rekur menningarhúsið Mengi árin 2023, 2024 og 2025 með starfsemi sem tekur mið af eftirfarandi markmiðum Mengis:

- Að er að halda úti metnaðarfullri menningardagsskrá í miðbæ Reykjavíkur allt árið um kring
- Að gera listamönnum í Reykjavík kleift að halda viðburði án þess að fjárhagslegar byrðar séu lagðar á þá
- Að vera heimili og vettvangur fyrir alls konar nýja og forvitnilega list; tónlist, leikhús, dans, myndlist, gjörninga, bókmenntir og kvikmyndir
- Að endurvekja Krakkamengi á komandi ári með ókeypis listkennslu og listupplifunum fyrir börn. Einnig stendur til að halda ókeypis tónlistarsmiðjur fyrir unglínga og ungt fólk
- Að áframhaldandi farsælt samstarf verði við hátíðir á borð við Reykjavík Midsummer Music, Listahátíð Reykjavíkur, Extreme Chill Festival, Myrka Músíkdaga, Iceland Airwaves, Reykjavík Dance Festival og Raflost
- Vera vettvangur fyrir hið óvænta og leitandi, tilraunakennda og framsækna, það sem ýtir við og ögrar, kveikir spurningar og snýr viðteknum hugmyndum á hvolf
- Að vera vettvangur fyrir hvort tveggja íslenska og erlenda listamenn

Mengi listrými við Óðinsgötu 2, var opnað í desember árið 2013. Staðurinn hefur frá upphafi verið hugsaður sem vettvangur fyrir tilraunakennda og áhugaverða list, sem staður fyrir listamenn til að þróa sig áfram og finna sína rödd. Mengi er rými sem listamenn nýta sér að kostnaðarlausu og fá þeir 65% af innkomu miðasölu. Hróður Mengis hefur vaxið jafnt og þétt á árunum frá opnun þess og má fullyrða að Mengi sé sannarlega mikilvægur partur af blómlegu menningarlífi Reykjavíkurborgar. Mengi er opið allt árið um kring og býður upp á tilraunakennda list úr öllum geirum listalífsins. Mengi

hefur auk þess átt í farsælu samstarfi við vel flestar listahátíðir borgarinnar sem og við Listaháskóla Íslands.

3. gr. Ábyrgð

Hlutmengi ehf. ber ábyrgð á starfsemi Mengis, fagmennsku þess og gæðum. Hlutmengi ehf. ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Hlutmengi ehf. er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

4. gr. Kynningarmál

Hlutmengi ehf. ber ábyrgð á markaðssetningu Mengis. Á öllu kynningarefni Mengis jafnt innanlands sem utan skal koma fram á áberandi hátt að Mengi sé styrkt af Reykjavíkurborg með því að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og með því að hafa lógó Reykjavíkurborgar sýnilegt. Þá skal þess gætt að geta Reykjavíkurborgar sem bakhjarls og samstarfsaðila í ræðu og riti þegar Mengi er kynnt í fjölmiðlum – þar sem því verður komið við og þykir eðlilegt.

Hafa má samstarf við Reykjavíkurborg til að kynna og markaðssetja viðburði sem ætla má að höfði til íbúa og erlendra gesta. Reykjavíkurborg fær myndir af viðburðum ef óskað er eftir og/eða má senda ljósmyndara til að afla markaðsefnis fyrir almennt markaðsstarf fyrir Reykjavík.

5. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarmála á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Hlutmengi ehf. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í október ár hvert 2023, 2024 og 2025, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Mengi leggur þá fram endurskoðuð uppgjör eða áritaðan ársreikning og skýrslu vegna fyrra árs ásamt áformum um hvernig starfsemi þessa og næsta árs muni uppfylla markmið samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Mengi hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Hlutmengi ehf. hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar-, íþrótt og tómstundaráðs þ. 28. nóvember 2022 um styrkveitingar ráðsins fyrir árið 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2025. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

8. gr. Breytingar á samstarfssamningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum og skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af samningsaðilum.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna áraanna 2024 og 2025. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

f.h. Reykjavíkurborgar,

f.h. Hlutmengis ehf.,

María Rut Reynisdóttir

Julie Runge